

18. ágúst 2023

**VIÐAUKI VIÐ
SAMNING VIÐ
STAÐFESTINGARÁÐILA**

milli

Útgerðarfélag Reykjavíkur hf.,

og

Deloitte ehf.

15.000.000.000 KR. ÚTGÁFURAMMI ÚTGERÐARFÉLAGS REYKJAVÍKUR HF.
ÓVEÐTRYGGÐ ÚTGÁFA SKULDASKJALA

1. AÐILAR

Viðauki þessi er gerður þann 18. ágúst 2023 („samningurinn“) og er á milli:

- A. Útgerðarfélag Reykjavíkur hf., kt. 410998-2629, Fiskislóð 14, 101 Reykjavík („útgefandi“); og
- B. Deloitte ehf., kt. 521098-2449, Smáratorg 3, 201 Kópavogur („staðfestingaraðili“).

2. BREYTINGAR OG VIÐBÆTUR

- 2.1. Viðauki þessi er gerður við samning, dags. 11. nóvember 2021, sem var gerður í tengslum við skuldaskjöl á grundvelli útgáfuramma upphaflega að fjárhæð allt að kr. 10.000.000.000 (10 milljarðar) („samningurinn“).
- 2.2. Útgefandi hefur ákveðið að gefa út nýja grunnlýsingu, þar sem útgáfurammi hefur verið stækkaður í allt að kr. 15.000.000.000 (15 milljarðar) auk frekari útgáfu skuldaskjala.
- 2.3. Í grunnlýsingunni er kveðið á um skipan staðfestingaraðila fyrir óveðtryggð skuldaskjöl.
- 2.4. Með viðauka þessum er stækkun útgáfuramma, ný grunnlýsing og nýir flokkar og ný útgáfa skuldaskjala, sem framan greinir, fellt undir samninginn og undirgengst staðfestingaraðili að gegna þeim skyldum sem honum eru faldar í samningnum og hvað varðar þær breytingar sem viðauki þessi tekur til.

3. SKILGREININGAR

- 3.1. Í þessum viðauka skulu hugtök hafa sömu merkingu og í samningnum, utan þess sem hér greinir:
„Útgáfuramminn“ merkir útgáfurammi útgefanda á skuldaskjöllum sem lýst er í grunnlýsingunni. Hámarks nafnverð allra útgefinna skuldaskjala sem gefin verða út innan útgáfurammans skal ekki vera umfram 15.000.000.000 kr. (eða jafngildi þeirrar fjárhæðar í öðrum myntum) nema tilkynnt verði um breytingu á stærð útgáfurammans.

4. LÖG OG VARNARÞING

- 4.1. Um viðauka þennan gilda íslensk lög.
- 4.2. Rísi mál út af viðauka þessum, skulu aðilar leitast við að leysa ágreining með samkomulagi sín á milli, en náist ekki að leysa úr ágreiningi með samkomulagi skalreka málið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

5. ANNAÐ

- 5.1. Að öðru leyti en sérstaklega er mælt fyrir um í viðauka þessum skulu ákvæði samningsins gilda óbreytt. Viðauki þessi skal ekki á neinn hátt vera túlkaður sem breyting á öðrum ákvæðum samnings aðila, að hluta eða í heild.
- 5.2. Allar tilkynningar sem aðilar senda sín á milli og ætlað er að hafa réttaráhrif samkvæmt viðauka þessum skulu vera skriflegar og með sannanlegum hætti.
- 5.3. Öllu framangreindu til staðfestingar undirrita aðilar samning þennan með rafrænum hætti í samræmi við lög nr. 55/2019 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti. Kjósi aðilar að undirrita viðauka þennan á pappír skal það gert í votta viðurvist.

[undirritunarsíða fylgir]

- undirskriftarsíða -

Reykjavík, 18. ágúst 2023

F.h. Útgerðarfélag Reykjavíkur hf.

F.h. Deloitte ehf., sem staðfestingaraðila

Sá sem undirritar samning þennan fyrir hönd útgefanda ábyrgist og staðfestir að hann hafi heimild í samræmi við lög og reglur og samþykktir félagsins til að skuldbinda útgefanda.

Sá sem undirritar samning þennan fyrir hönd staðfestingaraðila ábyrgist og staðfestir að hann hafi heimild í samræmi við lög og reglur og samþykktir félagsins til að skuldbinda staðfestingaraðila.

F.h. LOCAL lögmanna slf., sem umboðsmanns kröfuhafa

Sá sem undirritar samning þennan fyrir hönd umboðsmanns kröfuhafa ábyrgist og staðfestir að hann hafi heimild í samræmi við lög og reglur og samþykktir félagsins til að skuldbinda umboðsmann kröfuhafa.

- Skjalið er undirritað rafrænt, sjá efst á fyrstu blaðsíðu -